



# STEFNA UM LÍFFRÆÐILEGAN FJÖLBREYTILEIKA

Við högum rekstri fyrirtækisins á þann hátt sem lágmarkar umhverfisáhrif og leggur áherslu á sjálfbæra landnýtingu. Við gerum okkur grein fyrir því að starfsemi okkar getur haft áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika á landi, sjó, og í ferskvatnskerfum sem samfélögin okkar reiða sig á.

Til þess að vernda þennan fjölbreytileika og tryggja áframhaldandi aðgang almennings að auðlindum, beitum við stigskiptu kerfi sem felst í forðun, lágmyrkun, mótvægisáðgerðum með endurheimt og uppþótum á öllum stigum starfsemi okkar. Jafnframt vinnum við að því markmiði að það tapist ekkert af líffræðilegum fjölbreytileika við nýjar framkvæmdir eða meiri háttar stækkunarframkvæmdir.

Við höfum einsett okkur að mæta alþjóðlegum stöðlum um verndun líffræðilegs fjölbreytileika, svo og meginreglum Alþjóðlega námu- og málmvinnsluráðsins (ICMM). Við virðum löglega vernduð svæði, til dæmis þjóðgarða og náttúruverndarsvæði, þar sem strangar reglur gilda um verndun náttúrunnar. Þá höfum við einsett okkur að kanna ekki, stunda námuvinnslu eða annan rekstur á stöðum sem eru á heimsminjaskrá.

Sú nálgun sem við notum ber kennsl á hugsanlegar hættur og tækifæri varðandi líffræðilegan fjölbreytileika, m.a. lista yfir tegundir í útrýmingarhættu í samfélagi þar sem við störfum. Við höfum stjórn á þessum áhættuliðum með því að þróa aðgerðaáætlun sem tilgreinir skýr og mælanleg markmið eða vísa sem Alcoa og hagsmunaaðilar okkar geta notað til þess að mæla árangur. Við höfum sterka trú á vísindalegum lausnum og komum á rannsóknarverkefnum í samstarfi við aðra til þess að öðlast meiri skilning á hugsanlegum váhrifum og fræðast um hvernig við getum varist þeim.

Við ráðumst í framsækna endurbyggingu á námunum okkar í samræmi við viðurkennd viðmið og gerum okkur grein fyrir því að endurheimt vistkerfis skiptir meginmáli í þeirri viðleitni að draga úr óhjákvæmilegum áhrifum á líffræðilegan fjölbreytileika. Við erum stolt af árangri okkar í endurheimt líffræðilegs fjölbreytileika eftir námuvinnslu og höfum fengið alþjóðlega viðurkenningu fyrir forystu okkar í þeim málum. Markviss endurbygging námusvæða okkar stuðlar að sameiginlegri viðleitni til að stöðva skógareyðingu á heimsvísu með því að endurheimta skógvistkerfi á öllum skógvöxnum svæðum sem verða fyrir röskun vegna námustarfsemi okkar, og við höfum samið um þetta markmið við hagsmunaaðila á hverju svæði.

Við skráum árangur okkar í náttúruverndarmálum og endurbyggingu í sjálfbærnisýrslu Alcoa sem gefin er út árlega.

Auk þess kappkostum við við allar aðstæður að innleiða stefnu Alcoa um líffræðilegan fjölbreytileika í samrekstri okkar með öðrum fyrirtækjum sem lúta ekki daglegri stjórn Alcoa, með því að hafa áhrif á samstarfsaðila.